

Ed. 87. Frumvarp til laga [87. mál]

um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjú menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 15. september 1986 kaup og kjör flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

Ákvörðun gerðardómsins skal ná til sérkjarasamninga vegna verkefna erlendis.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkþönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómnefnda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra
í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér að félagsmenn í Flugvirkjafélagi Íslands, sem vinna hjá Arnarflugi hf., hafi hafið vinnustöðvun fimmtudaginn 10. júlí s.l. kl. 23:55. Sáttatilraunir hafi reynst árangurslausar og engar líkur séu á lausn vinnudeilunnar í bráð.

Haldi vinnudeila þessi áfram mun hún hafa í för með sér stöðvun alls millilandaflugs og innanlandsflugs félagsins og sennilega gera verkefni þess að þilgrímaflugi frá Alsír til Jeddah að engu en það á að hefjast 19. júlí n.k.

Öllum má vera ljóst að stöðvun farþegaflugs í annasamasta mánuði félagsins, þegar það flytur 2000 manns á viku hverri milli landa og fjölda farþega innanlands sem flestir eru erlendir ferðamenn, veldur ekki aðeins Arnarflugi hf. óbætanlegu tjóni. Hitt er ekki síður alvarlegt umhugsunarefni að íslensk ferðaþjónusta í heild bíður mikinn síðferðilegan og fjárhagslegan hnekki.

Loks er veruleg hættu á að missir pílagramaflugsins yrði mikill álitshnekkir fyrir íslenska flugrekstraraðila á alþjóðamarkaði og mundi gera þeim erfitt fyrir síðar meir. Auk þess verður að gera ráð fyrir bótakröfum vegna sammingsrofa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 15. september 1986 kaup og kjör flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf. Ákvörðun gerðardómsins skal ná til sérkjarasamninga vegna verkefna erlendis.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Matthías Bjarnason.